

AUGLÝSING

81

3. júní

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurkaupþún, nr. 121

7. desember 1935.

Í 37. gr. 1. mgr. falli niður orðin: „eða 15 krónur í eitt skipti fyrir öll á ári“.

2. mgr. 37. gr. orðist svo:

Vélbátar með þilfari, sem eiga heima á staðnum, greiði 100 krónur árlegt gjald. Opnir vélbátar 50 krónur. Róðrabátar 5 krónur. Undanþegnir þessu eru þeir bátar, sem aðeins eru hafðir í ferðir til heimilisþarfa.

Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 19. júní 1933, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júní 1942.

Magnús Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Heiðursverðlaunasjóð Búnaðar- 82
félags Íslands“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráð- 8. júní
herra 8. júní 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Heiðursverðlaunasjóð Búnaðarfélags Íslands.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt ákvörðun búnaðarþings árið 1941.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru sjóðsleifar Búnaðarfélags Suðuramtsins, eins og þær voru í ársbyrjun 1942, eða kr. 22705.56 — tuttugu og tvö þúsund sjö hundruð og fimm krónur og 56/100.

Búnaðarfélag Íslands leggur sjóðnum árlega næstu 20 ár, minnst kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —, sem varið sé til verðlaunaveitinga. Ágóði af útdregnum vaxtabréfum og ½ hluti vaxtatekna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn. Þann höfuðstól má aldrei skerða.

3. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands varðveitir eignir sjóðsins. Skal ávaxta eignir hans á þann hátt, að láta þær á vöxtu í ríkistryggðum bankavaxtabréfum, svo sem jarðræktarbréfum, nýbýlabréfum eða öðrum slíkum, að svo miklu leyti sem stofnfé sjóðsins er ekki nú í öðrum eignum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna frábær afrek í þágu landbúnaðarins, hvort heldur sem er á sviði jarðræktar, búfjárræktar eða nýjar uppgötvanir á vélum, verk-